

Ársskýrsla Faghóps félagsliða 2018

Faghópar leikskóla- og félagsliða í Eflingu-stéttarfélagi héldu ársfund sinn þriðjudaginn 20. mars 2018 í húsnaði Eflingar, Sætúni 1. Félagsliðar og leikskólaliðar héldu ársfund sinn sitt í hvoru lagi en sameinuðust svo í spjalli og veitingum eftir fundina.

Formaður félagsins Lilja Eiríksdóttir las upp fundargerð frá síðasta fundi (2017) og bar hana síðan upp til samþykktar og var hún samþykkt.

Fundarritun sá Kristín Þorsteinsdóttir um.

Í almennum umræðum komu upplýsingar fram frá félagsmönnum um að sífellt væri verið að óska eftir félagsliðum til starfa t.d hjá Reykjavíkurborg. Megin verkefni félagsliða er umönnum aldraða í heimahúsum. Í starfinu felst að sinna félagslegum þörfum ,böðum og lyfjagjöfum til skjólstæðinga. Félagsliðar þurfa að glíma við ýmiskonar aðstæður, t.d. að koma að skjólstæðingum sínum eftir slys.

Í ljósi allskonar aðstæðna sem félagsliðar geta lent í eða koma að er óskað eftir aukinni fræðslu frá fagaðilum og séfræðingum, til að styrkja okkur í starfinu.

Fundurinn skoraði á Eflingu að styrkja þennan þátt hjá félagsliðum.

Önnur mál.

Þórunn Sveinbjarnadóttir sendi kveðju og hvatningu til félagsmanna.

Stjórn félagsins skipa nú

Dagný Björg Helgadóttir

Kristín Þorsteinsdóttir

Signe Reidum Skarsbö

Lilja Eiríksdóttir

K. Edda Jónsdóttir

Sameiginleg fræðslu- og samverustund

Það var ánægjuleg stund sem leikskóla- og félagsliðar áttu saman þann 14. nóvember sl. en þá hittust hóparnir og áttu sameiginlega fræðslu- og samverustund. Matti Ósvald Stefánsson var með fyrirlesturinn **Sigraðu sjálfan þig og hitt kynið** þar sem hann sagði frá því hvernig kyn eru ólík og bregðast mismunandi við. Óhætt er að segja að margir samsamanað sig með reynslusögum hans og ólíkum kenjum kynjanna og hafði fólk bæði gagn og gaman af. Því eins og Matti sagði þá eigum við að bæta hvort annað upp og njóta þess að vera saman. Eftir skemmtilegan fyrirlestur höfðu leikskóla- og félagsliðar það notalegt saman, ræddu þau mál sem brenna á þeim og nutu góðra veitinga. Tæplega 60 manns voru á fundinum.